

# HÚSÖNDIN

15.tbl. 4.árg.  
27. apríl 2021

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 28. APRÍL - 4. MAÍ

28.4. Eldey Gerda Garðarsdóttir, Ingibjörg Þorleifsdóttir

1.5. Thelma Líf Andradóttir, Jón Dagur Héðinsson

2.5. Emil Birgisson, Stefán Örn Kristjánsson, Guðmundur Þór Birgisson

Jakub Vondruska

3.5. Brynja Ingólfssdóttir, Marge Neissar

4.5. Rósa Emelía Sigurjónsdóttir, Edda Stefánsdóttir, Agnes J. M. Lebeaupin

Bíll til sölu: Ford ranger pallbíll, dísil, ekinn um 198000 km, árgerð 2004, grár að lit, skoðaður 22, góður bíll, verð kr. 575.000, upplýsingar í s.8612894

Við bætum enn í aðgangskortaframboð hjá okkur og bjóðum nú aftur upp á klippikort, 5 og 10 skipta kort. Allar upplýsingar um aðgangskort má finna á heimasíðunni okkar, [www.jarðbodin.is](http://www.jarðbodin.is).

Bestu kveðjur frá okkur í Jarðböðunum



Ruslahreinsun 2021 verður 18.maí kl.16.30, nánar auglýst síðar

## ÍBÚAFUNDIR - ÍBÚAFUNDIR - ÍBÚAFUNDIR

Um tillögu að sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar

Á fundunum verður farið yfir tillögu um sameiningu Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps sem kosið verður um þann 5. júní næstkomandi. Kynning á tillögunni tekur um klukkustund, að því loknu svara fulltrúar samstarfsnefndar og ráðgjafar spurningum íbúa.

Fundirnir fara fram:

**Þriðjudaginn 4. maí kl. 20:00 í Skjólbrekku**

**Miðvikudaginn 5. maí kl. 20:00 í Ýdölum**

Íbúar geta tekið þátt í fundum með tvenns konar hætti:

1. Mætt á fundarstað - þar verða 20 manna sóttvarnarhólf og nóg af plássi.
2. Taka þátt í gegnum Zoom eða horfa á streymi af fundunum á Facebook síðum sveitarfélaganna og á vefsíðunni [www.thingeyingur.is](http://www.thingeyingur.is).

Íbúar geta sent inn spurningar til fundarstjóra í gegnum tölvu, síma eða spjaldtölvu á vefsíðunni [www.menti.com](http://www.menti.com) á meðan fundinum stendur. Í upphafi fundar verður gefið upp lykilorð til að slá inn á [menti.com](http://menti.com). Þá er hægt að senda inn spurningar eða skoða þær spurningar sem aðrir hafa varpað fram. Hægt er að greiða spurningum annarra atkvæði sitt og gefa þeim þannig aukið vægi og færa frammar í spurningaröðinni.

Einnig verður boðið upp á hnitmiðaðar spurningar úr sal ef þess gerist þörf. Ef einhverjum spurningum er ósvarað í lok fundar verða svörin birt á [thingeyingur.is](http://thingeyingur.is).

**Nánari upplýsingar og forsendur sameiningartillögu má finna á vefsíðunni [thingeyingur.is](http://thingeyingur.is)**

Íbúar eru hvattir til þess að taka virkan þátt og láta sig málið varða og mæta upplýst til kosninga **5. júní 2021**.

**Valdið er hjá íbúum!**



# NÝ VÍNBÚÐ VIÐ MÝVATN

## Viltu vera með frá byrjun?

Við óskum eftir jákvæðu og rösku starfsfólki sem er tilbúið að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

### Helstu verkefni

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

### Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta

VÍNBÚÐIN MÝVATNI OPNAR FLJÓTLEGA OG ÞURFA VIÐKOMANDI  
AÐ GETA HAFIÐ STÖRF UM SVIPAD LEYTI.

Starfshlutfall er annars vegar 45% og hins vegar tímavinna eftir þörfum.

Umsóknarfrestur er til og með 3. maí nk.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri. Umsóknir óskast fylltar út á [vinbudin.is](http://vinbudin.is)

Nánari upplýsingar: Unnur Dóra Einarsdóttir, [starf@vinbudin.is](mailto:starf@vinbudin.is) – 560 7700.

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land. Stefna ÁTVR er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ.  
Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.



JAFNLAUNAVOTTUN  
2018 - 2021



Síðasti kótiletuffimmtudagur vetursins er næstkomandi fimmtudag,  
29. apríl, milli kl. 18:00 og 20:00 eða á meðan birgðir endast.

Það er velkomið að setjast niður eða taka með. Sama verðið og ávallt,  
2.000 kr og 1.000 kr fyrir börn 12 ára og yngri.  
Gott er að panta fyrirfram.

Bestu kveðjur frá okkur í Jarðböðunum



59. fundur sveitarstjórnar verður haldinn í Skjólbrekku,  
28. apríl 2021 og hefst kl. 09:15



Dagskrá:

### **Almenn mál**

1. 2103024 - Framkvæmdaleyfi fyrir niðurdælingarholu við Kröflu
2. 2104014 - Framkvæmdaleyfi til efnistöku í Röndum
3. 2104018 - Reykjahlíð 3 lóðastofnun
4. 2103043 - Skútahraun 18 - Breyting á byggingarreit
5. 2103042 - Helluhraun 18 - stækkun á lóð
6. 2104017 - Haganes lóðastofnun
7. 2103007 - Staða skólastjóra Reykjahlíðarskóla
8. 2009005 - Nefndastarf Skútustaðahrepps
9. 1611024 - Skýrsla sveitarstjóra
10. 2104021 - Umhverfisstofnun - Samstarf og samráð
11. 1910018 - Menningarmiðstöð Þingeyinga - Fundargerðir
12. 1710023 - Flugklasinn Áfangaskýrsla
13. 2005014- Greið leið ehf. Aðalfundarboð

### **Fundargerðir til staðfestingar**

14. 1611045 - Skólanefnd Fundargerðir
15. 1611022 - Skipulagsnefnd: Fundargerðir
16. 1911003 - Stýrihópur Hamingjunnar - Fundargerðir

Húsöndin kemur út í næstu viku, þriðjudaginn 4.mái, en fer  
svo í sauðburðarleyfi fram til 26.mái.

Bestu kveðjur, Arnþrúður

